

Föstudaginn 2. apríl 1982.

Nr. 100/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Ragnari Svavarssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Brot gegn fjarskiptalögum. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Birgir Pormar, aðalfulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 22. maí 1980, en málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Af hendi ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að ákærða verði dæmd refsing.

Verjandi krefst sýknu af kröfum ákærvalds í málinu.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefur verið aflað gagna, er m. a. fela í sér nánari lýsingu á tækjum þeim og búnaði, er ákæra lýtur að, sendistyrk, tíðnisviði og nothæfni, svo og um það, hvort tækin séu til þess fallin að trufla útsendingar Ríkisútvarpsins eða önnur fjarskipti, og enn um það, hvort leyfi hefði fengist fyrir tækjunum, ef um það hefði verið sótt. Af hálfu Póst- og símamálastofnunar er talið, að eigi hefði fengist leyfi fyrir innflutningi og starfrækslu á tækjum þessum á þessum tíma, sem hér um ræðir.

Það athugast, að þar sem talað er um Ferjubakka 4 í Reykjavík í héraðsdómi, á að standa Ferjubakki 2—16.

Ákærði er sannur að sök um að hafa notað tvær talstöðvar, er samkvæmt sakargögnum falla undir 2. gr. laga nr. 30/1941, án leyfis, sem þar er tilskilið.

Varðar atferlið hann refsingu samkvæmt 2. og 27. gr. laganna, svo sem greinir í héraðsdómi. Ákvörðun héraðs-

dómara varðandi refsingu á að vera óröskuð svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað. Skylt er samkvæmt 1. tölulið 27. gr. laga nr. 30/1941 að dæma upptæk tæki, sem starfrækt eru andstætt 2. gr. laganna. Verður því eigi hjá því komist að staðfesta upptökuákvæði héraðsdóms, en tækin skulu upptæk til ríkissjóðs, sbr. 69. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 3.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ragnar Svavarsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. desember 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 18. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 556/1979: Ákærvaldið gegn Ragnari Svavarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 13. ágúst 1979, á hendur ákærða, Ragnari Svavarssyni verslunarmanni, Ferjubakka 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 7. febrúar 1947, „fyrir að hafa átt og notað á árinu 1978 tvær talstöðvar án leyfis Póst- og símamálastjórnarinnar, en aðra stöðina, sem er af gerðinni Lafayette HB-740, keypti ákærði af ókunnum manni í Reykjavík í maí 1978, en hina einnig af ókunnum manni við Úlfhljótuvatn um mitt sumar 1978, en sú stöð er af gerðinni Pace CB-110, og var lagt hald á báðar stöðvarnar 20. nóvember 1978.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 27. gr. laga um fjarskipti nr. 30/1941.

Þess er krafist, að ákærði verði rdæmdur til refsingar, til að þola upptöku á nefndum talstöðvum skv. 27. gr. nefndra laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði hvorki sætt ákæru né refsingu.

Málsatvik eru þessi:

Mánudaginn 20. nóvember 1978 var samkvæmt ósk íbúa að Ferjubakka 4 í Reykjavík gerð leit að talstöðvum, sem talið var, að væru í húsinu. Grunur lék á, að stöðvarnar yllu truflunum á sjónvarpstækjum. Leitina framkvæmdu starfsmenn radióeftirlits Landssímans. Nutu þeir aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík. Farið var í þrjár íbúðir, og fundust talstöðvar í tveimur þeirra.

Hjá ákærða Ragnari fundust þrjár stöðvar, og var lagt hald á þær. Ein þeirra var á skrá hjá Póst- og símamálastjórninni. Sú stöð var síðar afhent honum. Hinar stöðvarnar, önnur af gerðinni Lafayette HB-740, sernr. 10033073, og hin af gerðinni Pace CB-110, sernr. 105324, voru ekki á skrá hjá Póst- og símamálastjórninni.

Ákærði gaf skýrslu um mál þetta hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 1. mars 1979. Hann kvaðst hafa keypt Lafayette stöðina í maí 1978 og Pace stöðina um mitt sumarið sama ár. Stöðvarnar keypti hann af mönnum, sem hann þekkti ekki og gat ekki nafngreint. Hann kvaðst hafa trassað að fá heimild til að nota stöðvarnar.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hann hafnaði því vegna þess, að hann sætti sig ekki við upptöku á tækjunum.

Ákærði viðurkenndi fyrir dómi, að efni ákærunnar væri rétt, en hann tók fram, að hann hefði ekki notað stöðvarnar sem sendi-stöðvar, heldur hefði hann aðeins notað þær til hlustunar.

Telja verður sannað með hliðsjón af framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi með öflun talstöðvanna, handhöfn og notkun brotið gegn 2. gr. fjarskiptalaga nr. 30/1941 og unnið samkvæmt 1. tl. 27. gr. sömu laga til refsingar.

Með hliðsjón af hreinu sakavottorði ákærða þykir rétt að fresta ákvörðun refsingar hans og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skýlt er samkvæmt 1. tl. 27. gr fjarskiptalaga að taka til greina kröfu ákærvalds um upptöku á talstöðvunum.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, krónur 70.000, til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu Ragnars Svavarssonar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þess að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði skal sæta upptöku á talstöð af gerðinni Lafayette HB-740 og talstöð af gerðinni Pace CB-110.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal krónur 70.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 2. apríl 1982.

Nr. 156/1979. **Bæjarsjóður Hafnarfjarðar**

(Gestur Jónsson hdl.)

gegn

Benedikt Guðbjartssyni

(Baldur Guðlaugsson hdl.).

Lóðarúthlutun. Gatnagerðargjald. Stjórnsýsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1979. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu þó, að vextir verði ákveðnir 22% ársvextir frá 1. júní